

Tillaga um stofnun fagráðs umhverfismála.

Undirnefnd umhverfismála SSNE hefur nú starfað frá því að hún var stofnuð og síðan formlega skipuð á ársþingi 16. apríl 2021. Á þessum stutta tíma hefur það fengist staðfest að mikil þörf er fyrir öflugra starfsemi á vettvangi umhverfismála innan SSNE. Nú líður að umsókna- og úthlutunarferli uppbyggingarsjóðs og það er mikilvægt að umhverfismálin fái rými á þeim vettvangi til samræmis við atvinnuþróun og nýsköpun og menningarmál. Sem kunnugt er stendur sóknaráætlun SSNE á þremur megin stoðum: atvinnuþróun og nýsköpun, menningarmálum og umhverfismálum.

Framkvæmdastjóri leggur fram eftirfarandi tillögu:

Stofnað verði fagráð umhverfismála SSNE sem leysir af hólmi undirnefnd umhverfismála. Í því sambandi verði 16. gr. samþykktá SSNE breytt þannig að við 1. mgr. bætist einn starfliður: c) Fagráð umhverfismála.